

Tillaga um breytingu á fyrirkomulagi efstu deildar Íslandsmóts skákfélaga

Við undirritaðir, leggjum til breytingu á 18. grein Skáklaga Skáksambands Íslands. Greinin hljóðar nú svona:

18. grein

Tíu lið skulu vera í fyrstu deild, átta lið í 2.deild og **fjórtán** lið í þriðju deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka liðum í þriðju og fjórðu deild þyki henni ástæða til. Tvö efstu lið annarrar og þriðju deildar og þrjú efstu lið fjórðu deildar færast upp í lok keppnistímabils en tvö neðstu lið fyrstu og annarrar deildar og þrjú neðstu lið þriðju deildar færast niður.

Við leggjum til að henni verði breytt á eftirfarandi hátt:

18. grein

Átta lið skulu vera í 1. deild, átta lið í 2.deild og fjórtán lið í 3. deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til þess að fjölga eða fækka liðum í þriðju og fjórðu deild þyki henni ástæða til. Efsta lið annarrar deildar færast upp um deild í lok leiktíðar en tvö efstu lið þriðjudeildar og þrjú efstu lið fjórðu deildar færast upp um deild í lok I. Neðsta lið 1. deildar, tvö neðstu lið 2. deildar og þrjú neðstu lið 3. deildar færast niður.

Keppnisfyrirkomulag 1. deildar verður skipt upp í tvo hluta. Í hinum fyrri teflir hver sveit við allar hinar á tveimur helgum. Í seinni hluta fari fram sérstök úrslitakeppni. Lið sem lendir í 1. sæti í fyrri hlutanum teflir við lið sem endaði í 4. sæti, lið sem lenti í 2. sæti, teflir við lið sem lenti í 3 sæti, lið sem lenti í 5. sæti teflir við lið sem lenti í 8. sæti og lið sem lenti í 6. sæti teflir við lið sem lenti í 7. sæti.

Sigurvegarar úr viðureignum 1-4 tefla til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin tefla um bronssætið. Sigurvegar úr viðureignum 5-8 tefla um sæti 5-6 og taplið um sæti 7-8. Eitt lið fellur niður um deild. Verði jafnt í þessum viðureignum, telst það lið sigurvegari sem hlýtur vinning á efra borði í innbyrðis viðureign. Ef allar skákir enda með jafntefli, tefla liðin hraðskákir (4+2) þar til hrein úrslit fást.

Sér ákvæði sem fellur út eftir leiktíðina 2018-2019.

Á leiktíðinni 2018-2019 gildi eftirfarandi:

- o Í fyrstu deild munu 3 lið falla um deild.
- o Úr annarri deild fer eitt lið upp í fyrstu deild.
- o Annað fyrirkomulag verður óbreytt.

Nýtt fyrirkomulag taki gildi á leiktíðinni 2019-2020.

25.04.2018

Pálmi R. Pétursson

Þorsteinn Þorsteinsson

Kostir

- Þetta þýðir að öll félögin í efstu deild tefla 9 umferðir sem er áfangahæft.
- Með því að fækka liðum úr 10 í 8 fækkar væntanlega viðureignum þar sem sterkari liðin vinna veikari liðin með miklum mun. Þetta hefur verið mjög áberandi eftir að liðum var fjölgað í 10.
- Mótið verður því jafnara og meira spennandi en nú er, sérstaklega í úrslitakeppninni.
- Líklegast er auðveldara fyrir áfangaveiðara að ná sínum markmiðum. Þetta á sérstaklega við hjá fjórum efstu liðunum þar sem meðalstig andstæðinga þeirra hækka að vonum í úrslitakeppninni miðað við fyrstu 7 umferðirnar.
- Níu umferðum á að vera hægt að koma fyrir á tveimur helgum en best væri að vera með þrjár helgar undir. Skáksambandinu er falið að útfæra þetta atriði.
- Úrslitaviðureignirnar yrðu væntanlega tefldar á laugar- og sunnudegi og því væri hér um ákveðinn viðburð (lokauppgjör, skákhátíð) að ræða þar sem hægt væri að ná upp meiri stemningu en nú er.
- Vægi b-liða mun væntanlega minnka þar sem ólíklegt er að þau nái efstu fjórum sætunum og því munu þau síður hafa áhrif á það hver verður Íslandsmeistari.
- Dregur væntanlega úr þörfinni á því að lið sækji styrk út fyrir landsteinanna í öllum umferðunum níu.

Ókostir

- Hugsanlegt er að þetta fyrirkomulag kalli á þrjár helgar og þar með aukinn kostnað.

Annað

- Gert er ráð fyrir að allt annað sem snýr að Íslandsmóti skákfélaga verði óbreytt frá því sem nú er.
- Stjórn S.Í. er falið að annast aðrar nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar og aðlaganir sem kunna að leiða af þessum breytingum ef þær verða samþykktar.